

Mál nr. 10/2013

Ár 2014, þriðjudaginn 14. janúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 10/2013

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 21. maí 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann Z við tíkina Q þar sem hvorugur hundurinn var með gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 4. júní 2013 og henni gefinn andmælafrestur til 2. júlí. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærðu send ítrekun með bréfi dags. 7. nóvember þar sem henni var gefinn viðbótarsvarfrestur til 14. nóvember. Svar barst frá kærðu 12. nóvember og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því við siðanefnd að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 25. mars 2013 var rakkinn Z paraður við tíkina Q hinn 6. nóvember 2012. Hundarnir eru af hundakyninu Pomeranian og er rakkinn í eigu kærðu. Við pörunina var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að ástæðan fyrir því að rakkinn var ekki augnskoðaður væri sú að kærðu hefði ekki grunað að HRFÍ færi fram á slíkt þar sem það þekktist ekki í Evrópu og að þessi tegund ætti ekki við augnvandamál að stríða. Hins vegar hafi hún um leið og í ljós kom að HRFÍ gerði þessa kröfu um augnvottorð þá hafi verið farið með rakkann í augnskoðun sem hann stóðst og er nú í dag með gott og gilt augnvottorð. Þá tók kærða það fram að nú liggur fyrir beiðni frá stjórn spitzhundadeildarinnar til stjórnar HRFÍ að krafa um augnskoðun þessarar tegundar verði felld niður.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið Pomeranian:

„Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við þörun. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru settir í ræktunarbann (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörun átti sér stað hinn 6. nóvember 2012 hafði rakkinn ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við þörun hunda af kyninu Pomeranian skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 12 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins.

Kærða hefur komið fram með útskýringar sér til málsbóta þess efnis að stjórn HRFÍ hafi ekki haft samráð við tengiliði deilda þegar sett var regla um augnskoðun fyrir allar spitzhundategundir og að nú liggi fyrir umsókn um niðurfellingu á þessari reglu fyrir tegundina Pomeranian því að tegundin eigi ekki við augnvandamál að stríða.

Siðanefnd mun ekki leggja mat á það hvort krafa um augnvottorð sé réttmædd eða ekki, heldur ítrekar hún að samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ þá skulu félagsmenn sem nota hunda sína til ræktunar vera vel að sér um það ræktunarmarkmið er gildir fyrir viðkomandi tegund og um það verður ekki deilt að á þeim tíma sem þörun fór fram var í gildi regla sem kveður á um að það að gilt augnvottorð liggi fyrir við þörun.

En þar sem kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá telur siðanefnd það vera hæfileg viðurlög við brotinu að veita áminningu.

IV Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h siðanefndar

Guðríður Valgeirsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir